

TVÆR ÆÐAR Í NAFLASTRENG

Venjulega eru þrjár æðar í naflastreng þ.e. tvær slagæðar og ein bláæð og er fjöldi æða skoðaður í 20 vikna ómun.

Í 0.5% meðgangna kemur í ljós að naflastrengsæðarnar eru tvær og er þá leitað eftir öðrum frávikum, sérstaklega hjartagöllum. Þar sem tvær æðar greinast ásamt öðrum frávikum eru auknar líkur á litningagöllum og er þá boðin frekari rannsókn á því. Þessi tilfelli eru fá og eru þá hjá áhættumæðravernd.

Í langflestum tilvikum (96%) finnast engin önnur frávik og þá eru ekki auknar líkur á litningagöllum.

Hins vegar eru auknar líkur á vaxtarskerðingu og er því fylgst með vexti fósturs með ómun við 28-32v og 32-34v meðgöngu. Sjá fróðleiksmola um vaxtarskerðingu.

Þessar konur eru í mæðravernd í heilsugæslunni. Almennt er ekki þörf á auknu eftirliti með barninu í fæðingu eða eftir fæðingu.

MÆÐRAVERND ÞÍH, JANÚAR 2020